

Alþingi
Erindi nr. P 138/2201
komudagur 12.5.2010

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 11. maí 2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila (570. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka Alþingi fyrir það tækifæri að fá að veita því umsögn.

SFF styðja það framtak sem í frumvarpinu felst og telja afurð slíkrar rannsóknar geta veitt mikilvægar upplýsingar um fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Hins vegar eru atriði sem SFF vilja koma á framfæri sem geta haft áhrif á framkvæmd ofangreindrar rannsóknar og hvort rannsóknin sé að skila þeim árangri sem henni er ætlað.

Fylgiskjal frumvarpsins:

Í fylgiskjalinu er bent á að rannsóknin sé nauðsynleg til að afla stjórnvöldum betri yfirsýn yfir fjárhagsstöðu skuldugra heimila til þess að auðveldara verði að taka ákvarðanir um viðbrögð. SFF þykir nauðsynlegt að benda á að þá hættu sem getur verið til staðar að kynda undir væntingar að frekari almenn úrræði vegna skuldavanda séu handan hornsins. Tafir á endurskipulagningu skulda heimilanna tefur einnig fyrir endurreisn efnahagslífsins. Ef almenningur telur að frekari almenn úrræði séu í vændum er líklegra en ella að viðskiptavinir bankanna bíði með að nýta sér núverandi úrræði og því er nauðsynlegt að þessi rannsókn verði ekki til þess að draga úr vilja almennings til að nýta sér þau skuldaúrræði sem fyrir eru.

2. gr. frumvarpsins:

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að tíðni gagnaöflunar má eigi fara fram tíðar en ársfjórðungslega. Ef umfang verkefnisins verður meira en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir gæti söfnun upplýsinga á 3. mánaða fresti ekki gefið starfsmönnum verkefnisins nægilegan tíma til að ná að villuprófa, framkvæma leiðréttingar og vinna skilmerkilega úr upplýsingunum milli ársfjórðunga. Einnig þarf að huga að því hversu mikið upplýsingagildi tapast ef gögnunum er safnað 2-3 á ári í stað 4 sinnum á ári og hvort hægt sé að ná markmiðum rannsóknarinnar með lægri tíðni tölfraeðisöfnunar yfir árið.


Í yfirlit yfir lögaðila í 1.-7. tl. í 2. gr. frumvarpsins virðist vanta tölfraeðisöfnun frá Fasteignaskrá Íslands (FMR) en SFF telja tölfraeði frá FMR nauðsynlega til að rannsóknaraðilar geti nálgast upplýsingar um veðstöðu húsnæðis.

SFF hafa ekki athugasemdir varðandi aðrar greinar frumvarpsins.

Að lokum viljum við benda á nauðsyn þess að framkvæmdaraðilar rannsóknarinnar nýti þá þekkingu, vinnuferla og reynslu sem er nú þegar til staðar til að flýta fyrir og auðvelda framkvæmd verkefnisins. Seðlabankinn hefur nú þegar framkvæmt slíka rannsókn á skuldaastöðu heimilanna og fyrirtækja árið 2009 og hefur því dýrmæta

reynslu sem getur nýst verkefninu. Tryggja verður að verkefnið skili þeim árangri sem ætlast er til og veiti nothæfar upplýsingar svo að rannsóknin gagnist fólkinu í landinu.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Daði Sværnisson', written in a cursive style.

Daði Sværnisson